


# Breyting á deiliskipulagi við Skálalæk í landi Indriðastaða er varðar lóð Skálalækjarás 6



Dagsetning breytingar deiliskipulags 04.03.2021

Óveruleg breyting deiliskipulags við Skálalæk í landi Indriðastaða felur í sér breytingu á byggingarskilmálum fyrir lóð Skálalækjarás 6. Skipulagsuppráttur er óbreyttur. Breytingin er í samræmi við Aðalskipulag Skorradalshrepps 2010-2022.



## Gildandi deiliskipulag

Í gildi er deiliskipulag við Skálalæk í landi Indriðastaða, sem samanstendur af skipulagsupprætti og greinargerð. Auglýsing nr. 629/2003 um gildistöku var birt í B-deild Stjórnartíðinda þann 29.08.2003. Það hafa verið gerðar þrjár breytingar á deiliskipulaginu, þær voru birtar í B-deild Stjórnartíðinda þann 13.12.2019 (1098/2019), 25.09.2009 (803/2009) og 25.05.2020 (473/2020). Nýtingarhlutfall í Aðalskipulagi Skorradalshrepps 2010-2022 er 0,05. Stærð lóðar Skálalækjarás 6 er 7691m<sup>2</sup> og heimilað byggingarmagn lóðar verður 175m<sup>2</sup>. Nýtingarhlutfall lóðar verður 0,02, sem þýðir að breytingin er í samræmi við aðalskipulag.

## Lýsing á breytingu

Breytingin tekur til greinar 3.3 *Húsbyggingar* í greinargerð deiliskipulags er varðar byggingarmagn.

**Fyrir breytingu:**

**3 Byggingarskilmálar**

**3.3 Húsbyggingar**

Stærð: Hámarksstærð frístundahúss er ýmist 100m<sup>2</sup> eða 120m<sup>2</sup>. Frístundahús á lóðum undir 4500m<sup>2</sup> skulu ekki vera stærri en 100m<sup>2</sup>, að meðaltalinni geymslu. Frístundahús á lóðum 4500m<sup>2</sup> eða stærri skulu ekki vera stærri en 120m<sup>2</sup>, að meðaltalinni geymslu. Á skipulagsupprætti er tilgreind stærð húss hvers byggingarreits fyrir sig.

**Eftir breytingu:**

**Sérskilmálar fyrir Skálalækjarás 6**

**3 Byggingarskilmálar**

**3.3 Húsbyggingar**

Stærð: Hámarksstærð frístundahúss á lóð Skálalækjaráss 6 skal vera að hámarki 175m<sup>2</sup>, að meðaltalinni geymslu.

Deiliskipulagsbreyting þessi sem auglýst hefur verið samkvæmt

2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 m.s.br.

frá 14.4. til 14.5. 2021

Var samþykkt í hreppsnefnd þann 23.6. 2021



Samþykkt breytingarinnar á skipulagsskilmálum var auglýst í

B-deild Stjórnartíðinda þann 6.8. 2021